



Menntamálanefnd Alþingis  
bt Nefndarsviðs Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

2002110022

216

12. nóvember 2002

**Málefni: Útsendingar sjónvarps og hljóðvarps um gervitungl.**

Með tilvísan til bréfs dagsett 4. nóvember 2002 þar sem óskað er eftir umsögn Póst- og fjarskiptastofnunar um tillögu til þingsályktunar um útsendingar sjónvarps og útvarps um gervitungl.

Hvað varðar útsendingar hljóðvarps á langbylgju þá eru þær nú á 189 kHz frá Gufuskálum og á 207 kHz frá Eiðum. Samkvæmt heimildum frá Landssíma Íslands þá var gert hlé á stuttbylgjusendingum fyrr á árinu en þær eru enn í gangi og hafa ekki verið aflagðar, eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni. Hvað öryggisþáttinn varðar þá hljóta þessar sendingar, auk þjónustu strandstöðva og þjónustu gervitungla, að vera sú grunn þjónusta sem stuðst er við fyrir fjarlæg fiskimið. Það má hins vegar færa rök fyrir því að vegna lakra gæða á móttöku, muni útsendingar á lang- og stuttbylgjum ekki standast kröfur nútímans þegar kemur að útsendingu efnis til dægrastyttingar.

Mikil umræða hefur farið fram innan Póst- og fjarskiptastofnunar undanfarin tvö ár vegna dreifingar sjónvarps. Kemur þar tvennt til; annars vegar það að sjónvarpsdreifikerfi landsmanna eru komin til ára sinna og þörf fyrir endurnýjun eykst ár frá ári. Hins vegar að vegna tækniframfara hefur starfrænt sjónvarp rutt sér til rúms víða um heim. Vinnuhópur hagsmunaaðila um stafrænt sjónvarp hefur starfað með stofnuninni undanfarið ár. Í þessum vinnuhóp hefur verið rætt um dreifingu stafræns sjónvarps á Íslandi og hvaða felst í hinni nýju tækni. Í framhaldi af starfi vinnuhópsins ritaði stofnunin greinargerð um stafrænt sjónvarp á Íslandi, undirbúning og innleiðingu. Greinargerðin var send til samgönguráðherra í júní sl. Þar er fjallað um helstu þætti stafræns sjónvarps og þær ákvarðanir sem stjórnvöld þurfa að taka vegna innleiðingar stafrænnar sjónvarpstækni á Íslandi. Skýrslan er miðuð við landbundið dreifikerfi og tekur ekki sérstaklega mið af þörfum sjófarenda. Í skýrslunni er m.a. fjallað um hver er kostnaður við dreifingu sjónvarpsefnis til 99,9% landsmanna. Í skýrslunni stendur:

"Hvað dreifikerfið varðar þá þurfa stjórnvöld að taka afstöðu til útbreiðslu sjónvarps til þess hluta landsmanna sem búa á svæðum þar sem ekki þykir fjárhagslega hagkvæmt að dreifa sjónvarpsefni. Um er að ræða 3-5% heimila í landinu, en kostnaðarauka um þriðjung heildarkostnaðar (um 500 milljónir fyrir 5 dagskrár). "

Skýrslu þessa má nálgast á heimasíðu samgönguráðuneytisins á [www.samgonguraduneyti.is](http://www.samgonguraduneyti.is), undir útgefið efni.



Hugsanlegt er að sá hluti landsmanna sem býr á svæðum þar sem ekki þykir fjárhagslega hagkvæmt að dreifa sjónvarpsefni geti nýtt sér útsendingu gervitungla. Með því móti mætti hugsanlega lækka eitthvað kostnað við uppbyggingu landbundins dreifikerfis með því að nota blandað kerfi sem einnig nýtti sér dreifingu með gervitunglum, sem þjónaði einnig sjófarendum. Þetta hefur hins vegar ekki verið skoðað, hvorki tæknilega né fjárhagslega, en ljóst er að talsverður rekstrarkostnaður er af því að leigja fasta aðstöðu í gervitungli fyrir Ísland og hafsvæðið umhverfis landið.

Í framhaldi af vinnu Póst- og fjarskiptastofnunar, hefur samgönguráðherra hefur sett á laggirnar starfshóp til að gera tillögu um innleiðingu á stafrænu sjónvarpi á Íslandi. Stofnunin leggur til að vinna sú sem lögð er til í þingsályktunartillögunni fari fram og verði unnin í nánú samstarfi við téðan starfshóp svo stuðla megi að sem mestri hagkvæmni í útfærslu sjónvarpsdreifingar á Íslandi og umhverfis landið.

Virðingarfyllt,

Hrafnkell V. Gíslason